# FERSKÍ

## AUGLÝSINGA OG KYNNINGARBLAÐ

## SKÍÐAMANNA 1988



ÚTGEFANDI: FERÐASJÓÐUR SKÍÐAMANNA, ÍSAFIRÐI • ÁBM: BERGMANN ÓLAFSSON
SETNING – UMBROT – FILMUVINNA – PRENTUN: H-PRENT

# Hjá okkur færðu nytsama og vandaða jólagjöf á góðu verði

STÓRGLÆSILEGT
ÚRVAL



HUSQWARNA SAUMAVÉLAR
VERÐ FRÁ KR. 34.910.- st.gr.



PHILIPS KRULLUBURSTI
OG JÁRN FYRIR GAS
VERÐ KR. 1.840.-



PHILIPS RAKVÉLAR
VERÐ FRÁ KR. 3.240.-



SIEMENS ÖRBYLGJUOFNAR
VERÐ FRÁ KR. 16.430.- st.gr.



TECHNICS – SONY HLJÓMFLUTNINGSTÆKI
VERÐ FRÁ KR. 36.790.- st.gr.

PÓLLINN HF.

**PÓLLINN H.F.**
SÍMI 3792
VERSLUN HINNA VANDLÁTU





*Vörn gegn vætu!*

*Vatnsverjum skíðafatnaðinn*

EFNALAUGIN
**ALBERT**
Fjarðarstræti 16, 400 Ísafirði
Sími 4670





Áætlunarflug um Vestfirði alla virka daga.

Áætlunarflug frá Suðureyri til Reykjavíkur sunnud., mánud., miðvikud. og föstudaga.

Almenn ferða- og bílaleiguþjónusta.

FLUGFÉLAGIÐ
**ERNIR** HF
ÍSAFIRÐI

**4200 & 3698**





*Óskum ísfirskum skíðamönnum velgengni í vetur.*

**EIMSKIP**





*Gleðileg jól,*
*gott og farsælt komandi ár.*

**ÍSHÚSFÉLAG ÍSFIRÐINGA HF.**



## Tilvalið til jólagjafa:

- Gjafakassar
- Ilmvatn
- Rakspíri
- Chicco barnavörur

OPIÐ:
Laugardag 3.des frá kl. 11 - 16
10. des frá kl. 11 - 18
17. des frá kl. 11 - 22
23. des frá kl. 9 - 23
24. des frá kl. 10 - 12

ísafjarðar apótek

ÁSBJÖRN SVEINSSON, SÍMI 3009
PÓSTHÓLF 14, 400 ÍSAFJÖRÐUR

Bergmann Ólafsson

# Frá stjórn Skíðaráðs Ísafjarðar



Ágæti lesandi!

Blað þetta er ein af aðal fjáöflunarleiðum Skíðaráðs Ísafjarðar til að standa straum af kostnaði við þjálfun, keppnisferðir, og námskeið fyrir skíðabörn og unglinga á komandi vetri. En blað þetta dugar ekki til, því kostnaður við að halda svona starfsemi gangandi er gífurlegur. Því erum við með ýmsar aðrar fjáröflunarleiðir, svo sem pylsuvagn, firmakeppni og auglýsingar á lyftustaura. Einnig höfum við rekið niður stikur með sjálflýsandi merkjum meðfram þjóðvegum í Ísafjarðardjúpi fyrir Vegagerð ríkisins s.l. þrjú haust og vonum við að það geti verið árlegt verkefni hjá okkur. Þá er fyrirhugað að fara af stað með afla styrktarmeðlima Skíðaráðs og verður leitað til almennings og fyrirtækja, því Skíðaráð getur ekki tekið félagsgjöld.

Þetta var gert fyrir tveim árum og var vel tekið og vonum við að það verði einnig nú. Þá höfum við selt kerti fyrir hver jól. Einnig byggjum við á því að fara í hús og bjóða kartöflur í 15 kg. pokum á verði sem er undir því sem gerist í verslunum á sl. ári og gerum það aftur núna, og gætum verið búnir að því þegar þetta blað kemur út. Okkur þykir miður þegar við finnum upp á nýrri fjáröflunarleið, þegar önnur félög fara inná það sama, við höfum reynt að gera það ekki því það kemur sér mjög illa í svona litlu bæjarfélagi sem okkar. Allar fjáraflanir hjá okkur eru ekki framkvæmdar af Skíðaráðinu einu, heldur krökkunum sem stunda þessa íþrótt, jafnt ungir sem eldri, einnig foreldraráð, foreldrar og velunnarar þessarar íþróttagreinar.

Eins viljum við geta þess að fyrirtæki hér í bæ hafa styrkt okkur vel og ekki síst í æfingagallakaupum og æfingaferðir erlendis.

Það eru nú erfiðir tímar í rekstri fyrirtækja og það leiðir til þess að það verður erfitt þeim sem hafa styrkt okkur, en við vonumst til að það fari að rætast úr þessum erfiðleikum í þjóðfélaginu.

Námskeiðahald verður með svipuðu sniði í vetur og verið hefur, þó gætu einhverjar breytingar orðið hjá yngstu hópunum, og æfingartímar hjá eldri krökkunum með tilkomu nýrrar lyftu sem gæti gjörbreytt aðstöðu skíðamanna á Seljalandsdal. Æfingar hófust í haust hjá 13 ára og eldri, en skíðaæfingar uppi á Seljalandsdal hefjast væntanlega um miðja janúar nk.

Af þjálfaramálum er það að frétta að búið er að ráða menntaðan og hæfan þjálfara við Skíðval Kajsu Nyberg frá Svíþjóð og fór hún með þau í æfingaferð til Austuríkis nú í nóv. sl. og gekk mjög vel. Bindum við miklar vonir við hana. Þorlákur B. Kristjánsson hefur verið okkur mjög hjálpsamur og fórnfús og ætlar hann að þjálfa fyrir okkur 13-14-15 ára unglinga og byrjaði hann æfingar í október sl. Við fáum nýjan þjálfara í okkar hóp og er það Árni Sæmundsson frá Reykjavík og mun þjálfa 10-11-12 ára börn og jafnvel fleiri hópa. Óráðið er með hver kennir yngstu börnunum en verður ákveðið mjög fljótlega. Frá göngu málum er það að frétta að Einar Ólafsson þjálfar alla flokka og hefur gert síðan í ágúst sl. Á síðastliðnu ári var slíðafólk Ísafjarðar sigursælt eins og undanfarin ár og eigum við mjög gott skíðafólk.

Ólafur Sigurðsson Íslandsmeistari í stórsvigi og er það fyrsta árið hans í fullorðinsflokki.

Einnig má geta þess að Arnór Gunnarsson hefur verið að æfa með landsliðinu og keppir erlendis í nóv. og des. nk. Ólafur Sigurðsson hefur ekki getað verið með vegna veikinda í fæti.

Í göngu náðist frábær árangur á landsmótinu, Einar Ólafsson Íslandsmeistari í 15 og 30 km. Í boðgöngu 3x10 km, Rögnvaldur Ingþórsson, Þröstur Jóhannson og Einar Ólafsson. Þá var Stella Hjaltadóttir Íslandsmeistari í 7,5 km göngu og Rögnvaldur Ingþórsson sigraði í 15 km göngu í flokki 17 - 19 ára.

Á unglingameistaramótinu náðist frábær árangur. Í göngu sigraði Daníel Jakobsson bæði í 3,5 og 5 km í flokki 13-14 ára. Bjarni Brynjólfsson í 7,5 km í flokki 15-16 ára. Í alpagreinum sigraði Margrét Rúnarsdóttir í stórsvigi í flokksvigi 15-16 ára. Í flokki 15-16 ára stúlkna sigruðu Ísfirðingar, en í sveitinni voru Margrét Rúnarsdóttir, Sara Halldórsdóttir, Þórunn Pálsdóttir og Margrét Ósk Arnarsdóttir. Þess skal getið að við eigum mjög marga keppendur sem voru í 2-3 sæti í mörgum greinum.

Svona góður árangur næst ekki nema með þrotlausum æfingum og mjög góðri ástundun og reglusemi og góðum stuðning foreldra og fyrirtækja. Í skíðaíþróttinni er um 120 börn og unglingar og sést best á því hvað þetta er líka mikið æskulýðsstarf, það er ekki nóg að horfa bara á árangur þegar fólk er að ræða um peninga sem fara í þessa starfsemi bæði frá foreldrum og ekki síst þeim sem eiga að sjá um æskulýðsstarfsemi hér í bæ. Frá Ísafirði fara 2 ungmenni til Frakklands í þessari íþróttagrein sér að kostnaðarlausu í boði Frakklands, eru það Daníel Jakobsson og Margrét Rúnarsdóttir. Í lok þessa skrifta langar okkur að komi fram þakklæti til fyrirtækja og ekki síst ungmennana sem hjálpa okkur að halda þessari íþróttagrein gangandi hér má ekki gleyma Bæjarsjóði Ísafjarðar og þeim starfsmönnum með það stórátak sem þeir eru í núna og er þá átt við nýja skíðalyftu sem væntanlega verður opnuð í miðjan janúar.

Hún á eftir að gjörbreyta aðstöðu í skíðamótum hér og þá sérstaklega ef lýsing fylgir henni samhliða, því þá verður hægt að nýta hana meira fyrir almenning og þá kemur hún sér vel. Á Ísafirði verður haldið unglingameistaramót veturinn 1990 og að öllum líkindum Alþjóðamót með erlendum keppendum.

Við í skíðaráði vonumst þess að nú fari hróður Ísafjarðar sem skíðastaður að vaxa á ný og verði okkur og bæjarfélaginu til hrós og ánægju.

Að lokum viljum við þakka öllum þeim sem stutt hafa okkur undafarin ár og á komandi árum fyrir góðan og ánægjulegan stuðning og áframhaldandi samstarf, megi það verða til þess að skíðaíþróttin dafni á komandi árum. Það vilja koma oft upp ýmis vandamál en ef allir standa saman að uppbyggingu þessarar greinar, stöndum við heilsteyptari og ánægðari í lokin og hróður hennar vex og verður okkur og bæjarfélaginu til sóma.

*Með skíðakveðju*
*Bergmann Ólafsson form. Skíðaráðs*

---

**Þorlákur Baxter Kristjánsson:**

# Enginn verður óbarinn biskup

Enginn verður óbarinn biskup segir máltækið. Um íþróttamenn sem gera kröfur til sín sjálfs, mætti segja það sama, því það krefst sjálfsaga, dugnaðar, fórnfýsi og trúar á sjálfan sig m.a. aga til að ná því markmiði, sem góður íþróttamaður er. Því fer fjarri að allir verði eða geti orðið afreksmenn í íþróttum, en það sem flestir stefna að er að gera betur. Gerum betur er lag sem strákarnir okkar sungu inn á plötu fyrir Ólumpíuleikana síðustu. Þeir sem starfa að og stunda íþróttir mættu spyrja sig sjálfa hvað get ég gert betur. Einnig mættu foreldrar og forráðamenn íþróttafólks segja, hvað get ég gert betur.

Að minni hyggju eru tímamót í íþróttalífi bæjarins, það vita flestir hvernig komið er fyrir knattspyrnunni og ég ligg ekki á þeirri skoðun minni að skíðaíþróttin á undir högg að sækja. Hið innra starf hefur brugðist að hluta og fyrirsjáanleg tekjuskerðing á næstu árum. **En gerum betur** þeir sem starfa að skíðamálum skynja vandann og erfiðleikarnir eru til að sigrast á. Það mun verða tekið á vandanum og ef Ísfirðingar vilja öflugt íþróttastarf á Ísafirði er þetta ekkert vandamál lengur. Hver kannast ekki við þá tilfinningu sem gagntekur mann þegar Ísfirðingum gengur vel á íþróttasviðinu.

Þá eru flestir stoltir af sínu fólki og er það vel. Ísafjörður er þekktur sem skíðabær og þeirri nafngift skulum við halda í jákvæðri merkingu. Því allir þurfa að geta verið stoltir að sinni heimabygð.

Efling íþrótta á Ísafirði er nauðsyn, en til að svo megi verða þurfum við að snúa bökum saman og gera betur. Það má ekki skilja orð mín svo að skíðaíþróttin sé að deyja út því er fjarri sanni. Til að mynda eigum við stóran hóp sem hefur undanfarin ár staðið sig með sóma, svo ekki sé meira sagt. Einnig erum við að eignast nýja lyftu sem gerbreytir æfingaaðstöðunni í fjallinu. Ég vil trúa því að Ísfirðingar geti eignast afreksmenn sem sameini og séu hvatning fyrir aðra íþróttamenn.

Því er við stöndum saman er fátt sem getur komið í veg fyrir að draumar rætist. Og það væri draumur að sameinast um einn draum.

Að endingu þetta, sá sem gerir kröfur til annara gerir fyrst og síðast kröfur til síns sjálfs.

Ég óska öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Og munum GERUM BETUR.

*Með skíðakveðju.*
*Þorlákur Baxter Kristjánsson.*

SKÍÐARÁÐ ÍSAFJARÐAR

Stjórn:
Formaður Bergmann Ólafsson
Signý Rósantsdóttir
Guðrún Gunnarsdóttir
Eiríkur Kristófersson
Egill Sigmundsson

Alpagreinanefnd:
Hafsteinn Sigurðsson
Halldór Antonsson
Þorlákur B. Kristjánsson
einn frá Skíðaráði

Norrænagreinanefnd:
Ingþór Bjarnason
Þröstur Jóhannson
Sigurður Gunnarsson

Blaðanefnd:
Ingibjörg Jónasdóttir
og skíðakeppendur 16 ára
og eldri.



HRÖNN HF.
ÍSAFIRÐI


Ferðalangar skrifa:

# „Búið þið í snjóhúsum?"




Í nóvember sl. fórum við í æfingaferð til Sölden í Austurríki. Auk okkar, 11 ungmenna á aldrinum 16-19 ára, fór með okkur þjálfari okkar Kajsa Nyberg.

Þann 5. nóvember flugum við til Danmerkur og lentum á Kastrup flugvelli um miðjan dag. Um kvöldið kom síðan rúta frá Svíþjóð með 50 sænska krakka, en þau áttu síðan að verða ferðafélagar okkar næstu 2 vikurnar.

Frá Kaupmannahöfn fórum við síðan sem leið lá til Sölden í Austurríki. Það var um 18 klst. akstur.

Í rútunni ræddum við lítillega við jafnaldra okkar frá Svíþjóð og göptum yfir fáfræði þeirra þegar þau spurðu okkur í fyllstu alvöru hvort við byggjum í snjóhúsum. Við leiðréttum fljótlega þann misskilning en síðar áttum við eftir að reka okkur á að fleiri héldu það sama.

Þegar til Sölden kom hófust strangar æfingar. Á fætur var farið kl. 6:45, því kl. 8:00 átti rútan að leggja af stað upp í fjall. Að meðaltali skíðuðum við 5 klst. á dag.

Klukkan rúmlega 16:00 komum við síðan niður eftir aftur og þá var nokkrum sinnum farið í fótbolta eða útihlaup.

Kvöldin fóru að mestu leyti í heimalærdóm enda þessi ferð farin á skólatíma. Að sjálfsögðu var farið snemma í háttinn, því strangar æfingar voru framundan. Eftir tveggja vikna dvöl héldu þreyttir, en ánægðir ferðalangar heimleiðis. Til fararinnar sutddu margir aðilar við bakið á okkur og við ykkur viljum við segja:

Hafið hjartanlegar þakkir fyrir ómetanlegan stuðning, vonandi sjáumst við á dalnum í vetur.

Ferðalangar




GÓÐA HELGI

Kynntu þér helgarpakka Flugleiða innanlands hjá næstu söluskrifstofu félagsins, umboðsmanni eða ferðaskrifstofu.

FLUGLEIÐIR

Ísafjarðarkaupstaður

ÍÞRÓTTAHÚSIÐ
ÍSAFIRÐI

Þau félög og einstaklingar sem óska eftir tímum í íþróttasalnum tímabilið janúar til maí, þurfa að sækja um skriflega fyrir 20. des. 1988.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á bæjarskrifstofunni.

Nánari upplýsingar gefur íþrótta og æskulýðsfulltrúi í síma 3722.

Sjáirðu mun á rauðu og svörtu getur ferðast ódýrt

MÍNIPRÍS
50 %
AFSLÁTTUR

50% afsláttur til Akureyrar
á miðvikudögum og sunnudögum.
Þessir dagar eru merktir með rauðu í vetraráætlun okkar, sem liggur frammi hjá umboðsmönnum, ferðaskrifstofum og á flugvöllum.
Upplýsingar hjá Ferðaskrifstofu Vestfjarða og Flugleiðum.

flugfélag norðurlands hf.

**Hafsteinn Sigurðsson:**

# Ný skíðalyfta á Seljalandsdal



Á árinu 1989 verður tekin í notkun á Seljalandsdal ný skíðalyfta. Þessi skíðalyfta á eftir að gjörbreyta möguleikum skíðafólks til þess að nýta sér betur brekkurnar á Seljalandsdal, dalnum sérkennilega sem hefur aðeins eina hlíð.

Í langan tíma hefur verið rætt um frekari uppbyggingu skíðasvæðisins á Seljalandsdal. Það var svo við gerð fjárhagsáætlunar bæjarsjóðs fyrir ári 1987, sem stefna var sett á endurbætur skíðasvæðisins, en þá var gerð fjögurra ára framkvæmdaráætlun bæjarsjóðs og var þar gert ráð fyrir kr. 7.000.000 í uppbyggingu skíðasvæðisins yfir það tímabil.

Í maí 1987 kom svo hingað til Ísafjarðar Alfred Andersen norskur sérfræðingur í skipulagningu skíðasvæða, til þess að skoða aðstæður og gera tillögur um uppbyggingu svæðisins. Eftir komu Alfred Andersen fóru atburðirnir að gerast hraðar, væntanlegt lyftusvæði var mælt út og teiknað, teikningarnar voru sendar til lyftuframleiðenda og þeir gerðu tilboð í lyftubygginguna. Þá var haldinn almennur borgarafundur í Skíðheimum í apríl 1988 þar sem tillögur frá Alfred Andersen voru ræddar og var þar samþykkt að fyrsta verkefni við uppbyggingu svæðisins ætti að vera bygging skíðalyftu. Í framhaldi af þeirri samþykkt var farið yfir þau tilboð sem borist höfðu í lyftubygginguna og ákveðið að kaupa ítalska lyftu af gerðinni Leitner, sem flytur 900 manns á klst.

Í lok ágúst sl. komu teikningarnar af undirstöðum lyftunnar hingað til Ísafjarðar og var þá strax látið til skarar skríða og skíðáhugafólk lét heldur betur hendur standa fram úr ermum og var unnin gífurleg sjálfboðavinna við að mæla út staðsetningu, grafa fyrir sökklum, og bora í bergið, bera timbur á bakinu upp hlíðina, stilla upp fyrir sökklum, járnabindingu, grafa fyrir rafmagnsköplum, steypuvinna sem var ein sú magnaðasta sem framkvæmd hefur verið hér á Ísafirði, en fengin var til þess þyrla, sem tveir flugmenn skiptust á að fljúga. Slá utan af og hreinsa timbur, moka að sökklum.

En eitt var það verk sem vinna þurfti við þessa byggingu sem ekki var á færi neins meðalmanns, en það var að grafa fyrir endastöðinni og var til þess verks fenginn jarðýtustjórinn Elías Kjaran frá Þingeyri og er óhætt að fullyrða að ekki væri búið að steypa í þann stólpa enn ef Elías hefði ekki sýnt sína bestu takta og þá dirfsku, sem honum einum er lagið.

Það myndaðist ótrúleg samstaða við byggingu þessarar lyftu þrátt fyrir að margir væru búnir að spá því að tími sjálfboðavinnu væri liðinn. Sú spá reyndist ekki rétt, heldur þvert á móti. Þá gáfu fyrirtæki og lánuðu bæði efni og tækjabúnað, einnig lánaði Hjálparsveit Skáta fjallbíl sinn.

Lyftan sjálf kemur svo hingað til Ísafjarðar í lok desember og verður væntanlega tekin í notkun í janúar nk. Með þessari framkvæmd gjörbreytist aðstaða skíðafólks á Seljalandsdal og það sem gerir framkvæmdina enn áhugaverðari fyrir bæjarbúa, er að ljóskastarar verða settir á lyftumöstrin og þar með verður hægt að skíða við góðar aðstæður eftir að vinnutíma líkur.

Þeir sem þegar hafa lagt fram krafta sína við byggingu þessa mannvirkis og koma til með að aðstoða við uppsetningu lyftumastranna geta verið stoltir af framlagi sínu, sem er ómetanlegt. Að lokum skal það ítrekað að það var bæjarstjórn Ísafjarðar sem ákvað að byggja nýja lyftu og tók þar með mikilvæga ákvörðun sem á eftir að bæta rekstrarafkomu svæðisins verulega.

*Hafsteinn Sigurðsson*





*Skíðaráð Ísafjarðar sendir öllum styrktaraðilum og öðrum velunnurum bestu jóla og nýjársóskir með ósk um gott samstarf á komandi vetri.*



**Helgarferðir með Ferðaskrifstofu Vestfjarða.**

Ferðaskrifstofa Vestfjarða býður Vestfirðingum ódýrar helgarferðir í vetur. Bókum einnig á auglýstar leiksýningar og skemmtanir.

**Munið PEX fargjöldin!**

Ferðaskrifstofa Vestfjarða hf.
Hafnarstræti 4
400 Ísafjörður

## Máltækið segir:

# Gott er að hafa mikinn mat og marga helgidaga

Það á vel við um þessi jól, því nú verðum við með hinar ýmsu jólasteikur á góðu verði.

Í nægtarbrunni HN-búðarinnar verður m. a.:

*London lamb*
*Lambahryggir, léttreyktir*
*Hangilæri, heil*
*Hangilæri, úrbeinuð*
*Hangiframpartar, heilir*
*Hangiframpartar, úrbeinaðir*
*Hreinsuð lambasvið*

*Allt svínakjöt*
*Allt dilkakjöt*
*Allt nautakjöt*

*Rjúpur*
*Endur*
*Aligæsir*
*Kjúklingar*

*Spægipylsa, síld*
*o. fl. á kalda borðið*

Auk þess erum við með mikið úrval af frönskum kartöflum, frosnu grænmeti og öllu því öðru, sem gerir jólamatinn að jólamat

**Fyrir Þorláksmessu bjóðum við að sjálfsögðu kæsta skötu og vestfirskan hnoðmör**

HN BÚÐIN
SUNDSTRÆTI 34 ☎ 4013

**Sérverslun með kjöt og fisk**

Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.





**Hafsteinn Vilhjálmsson**
**Umboðsverslun**
**Sími 3207**



*Sendum ísfirskum skíðamönnum baráttukveðjur og óskir um góðan árangur á skíðamótum í vetur.*

**Landsbanki Íslands**

*NÝR BANKI*

**Útvegsbanki Íslands hf**

*NÝTT MERKI*

*NÝ KJÖRORÐ*

*Þar sem*
*þekking og þjónusta*
*fara saman*

*Þú ert velkominn*

Einar Ólafsson:

# Útilega til Hesteyrar og Aðalvíkur



Gönguskíði. Og þá hugsa flestir; móður, örþreyttur, slefandi, skjögrandi göngumaður sem eltist við að fá sem bestan tíma. Jafnvel er farið út í persónugreiningar og hann sagður vera einfari, harður af sér, fámáll og ófélagslyndur. En ekki er þetta nú alveg rétt mynd af göngumanni. Eins er því haldið fram að gönguæfingar séu mjög erfiðar, langar og leiðinlegar. Til að sýna fram á fjarstæðuna á þessum hugleiðingum ætla ég að segja frá einni útilegu sem ég fór með gönguskíðakrakkana um verslunarmannahelgina til Hesteyrar og Aðalvíkur í sumar. Má segja að sú ferð hafi verið einn liður í því að gera æfingarnar skemmtilegar og láta þær höfða til allra, því þó við æfðum ekki neitt í þessari ferð, var gengið mikið og úr því fékkst góð æfing.

Þeir sem fóru þessa ferð voru Daníel og Óskar Jakobssynir, Pétur Sigurðsson (Gunnarssonar), Hlynur Guðmundsson (Ágústssonar), Árni Elíasson (Sveinssonar), Pétur Jónsson, Kari Peterson (sænsk stelpa) og undirritaður.

Farið var með Fagranesinu upp úr hádegi og komið til Hesteyrar seinna um daginn. Veðrið var ekki það allra besta, frekar kalt og þungt yfir, eins og hann ætlaði að fara að rigna á hverri stundu. En við létum það lítið á okkur fá, og fórum með gúmmíbátnum í land með allt okkar dót, sem var bakpokar með tjöldum, svefnpokum, fötum og mat. Þegar í land var komið voru tjöldin sett upp, og fengið sér örlítið í gogginn. Eftir matinn fór hver að gera það sem hann langaði til að gera. Sumir fóru að renna fyrir fisk, aðrir gengu niður í fjöru og fóru í Skeljakóng, þar sem sá vann sem gat brotið flestar skeljar. Svona var dundað og leikið sér þennan gráa föstudag. Og er klukkan fór að nálgast miðnætti komu krakkarnir að tjaldi mínu og vildu endilega að ég kæmi út og færi með þeim í einhverja leiki, en það var nú ekki vel séð, svo þá drifu sig allir ofan í svefnpokana, en þó ekki til að sofa því það var kjaftað og sagðir brandarar langt fram á nótt.

Laugardagurinn byrjaði um hádegið þegar allir höfðu loksins vaknað eftir svefn næturinnar. Veðrið var það sama, og sást varla í fjallstoppana svo lágt voru skýin. En eftir morgunmatinn var farið í gönguferð inn í rústir gömlu hvalstöðvarinnar og var virkilega gaman að sjá stöðina og sjá hvað menn höfðu verið stórhuga á þessum slóðum hér áður fyrr. Á sjónum fyrir utan hvalstöðina lónaði stór seglskúta að sunnan og datt manni fyrst í hug að þetta væri einhverslags fólk sem hefði eitthvað ljótt í pokahorninu, svo sterkar minningar hafði maður frá lestri um hin fjögur fræknu og allar þær unglingabækur sem maður hafði lesið um dagana. Þannig að það hvíldi viss ævintýrablær yfir þessu öllu saman. En við nánari eftirgrennslan var þetta fólk aðeins að týna sér krækling í soðið.

Þegar við höfðum skoðað stöðina ákváðum ég, Óskar, Pétur Jóns og Kári að leggja af stað og reyna að komast yfir í Fljótavík og fara að veiða í vatninu þar, en hin fóru til baka til tjaldanna. Er skemmst frá veiðiferðinni að segja að þegar við höfðum gengið í 2 og 1/2 tíma í þoku og kulda, hálf villt en þó með áttavita og nesti, að við ákváðum að snúa við og ganga undan brattanum og komum við hálftíma síðar niður að tjöldum, þreyttir og svangir. Reyndar náðist í einn fisk í ánni í leiðinni heim, en hann var ekki stærri en lítið prins póló. Restina af deginum var farið í Skeljakóng og ýmsa aðra leiki, og lífinu tekið með ró. Þetta kvöld var farið álíka seint að sofa og fyrri daginn, enda lifðum við ekki eftir klukkunni þarna úti í náttúrunni, heldur þörfum hvers og eins.

Eftir morgunmatinn á sunnudeginum voru tjöldin tekin niður og búið sig til gönguferðar yfir í Aðalvík. Sú ferð varð mjög eftirminnileg fyrir það hvað það var fallegt á leiðinni og eins hvað hún var erfið og löng fyrir yngstu krakkana, og þurftum við þessi eldri að hjálpa þeim að bera bakpokana hluta leiðarinnar. Þegar komið var niður í dalinn inn af Atlavík virtist dalurinn vera óendalega langur, en þó var hann ákaflega fallegur eins og reyndar öll náttúran þarna norðurfrá. Eftir að hafa reist tjöldin, var deginum varið í veiðitilraunir sem báru reyndar engan árangur og var það ver því undirritaður ætlaði að veiða sér til matar og lifa af náttúrunni, en þar sem það gekk ekki urðu þau yngri að henda mat í hann eins og hundi þegar garnirnar góluðu sem mest. Eins var farið í gönguferðir um fjöruna og tekin nokkur sundtök í köldum sjónum, en ekki er víst að Grettir hafi hrifist af sundfólkinu nema þá helst af gleðinni og ánægjunni sem krakkarnir höfðu upp úr sundgutlinu. Loks þegar degi tók að halla var fólk orðið ansi þreytt og því var svefninn vel þeginn að loknum erfiðum en skemmtilegum degi. Á mánudag voru restirnar af matnum borðaðar og nokkrir fóru og renndu fyrir fisk, en ekkert beit á, frekar en fyrri daginn. Síðan var beðið eftir Fagranesinu eins og strandaglópar á eyðieyju. Upp úr hádeginu kom svo strandferðaskipið og heim sigldum við þreytt og ánægð eftir skemmtilega útilegu.






Eins og sjá má af þessu gerir skíðagöngufólk margt annað en bara að æfa, því að hvað varðar yngri aldurshópana er ætlast til að lögð sé rík áhersla á að þau hafi
sem mest gaman af „æfingum“. og að farnar séu útilegur og farið sé í leiki og margt annað skemmtilegt.

*Með kærri skíðakveðju,*
*Einar Ólafsson.*

HJÁLPARSVEIT SKÁTA EINHERJAR ÍSAFIRÐI

# FLUGELDABAZAR

Flugeldabasar Hjálparsveitar skáta verður í Skátaheimilinu dagana:

| | |
|---|---|
| 28. desember | kl. 14.00 — 19.00 |
| 29. desember | kl. 14.00 — 22.00 |
| 30. desember | kl. 14.00 — 22.00 |
| 31. desember | kl. 10.00 — 16.00 |



Hjálparsveit skáta, Ísafirði.

# Eftirtaldir aðilar sem hafa styrkt útgáfu þessa blaðs óska lesendum þess gleðilegra jóla og farsæls nýs árs



Orkubú Vestfjarða

Mjólkursamlag Ísafjarðar

Pólstækni h/f

Tannlæknastofan

Útgerð Hafþórs

Ísver h/f

Hamraborg

Ísverk

Sund s/f

Trésmíðaverkstæði
Arnórs Stígssonar

Olíufélagið h/f

Olíufélag Útvegsmanna

Hjólbarðaverkstæði
Ísafjarðar

Hótel Ísafjörður

Vélsmiðjan Þristur

Búðanes h/f

Endurskoðunarskrifstofa
Guðmundar Kjartanssonar

Þröstur Marsellíusson

Leggur og Skel

Húsgagnaloftið

Vöruval

Vitinn

Kaupfélag Ísfirðinga

Rækjustöðin h/f

Félagsbúið Loðdýr

Eir h/f

Bókaverslun
Jónasar Tómassonar

Verslun
Bjarna Eiríkssonar

Græðir h/f

Jón Friðgeir Einarsson

Einar Guðfinnson h/f

Mjölnir h/f

Gunnvör h/f

Reiknistofa Vestfjarða

Eiríkur og Einar Valur s/f

Bílaverkstæði
Sigurðar og Stefáns

G. E. Sæmundsson

Óðins Bakarí

Hraðfrystihúsið
Hnífsdal

Verslunin Búð
Hnífsdal

Rækjuverksmiðjan Bakki
Hnífsdal

Brunabótafélag Íslands
Ísafjarðarumboð

Sporthlaðan